

Menningarstefna Borgarbyggðar

2014

Endurskoðuð 2020

Efnisyfirlit

I Meginmarkmið.....	3
II Nokkur lykilatriði	5
a) Samvinna.....	5
b) Sérstaða.....	5
c) Fræðsla / miðlun.....	5
III Stjórnýsla menningarmála	6
IV Listauppeldi.....	7
V Helstu þættir menningar	8
VI Stefna Borgarbyggðar í menningarmálum	9
1. Danslist.....	9
2. Leiklist.....	9
3. Menningarsjóður Borgarbyggðar	9
4. Minja- og sögustaðir.....	10
5. Ritlist	10
6. Safnastarfsemi	11
6.1. Safnahús Borgarfjarðar.....	11
6.2. Safnahús Borgarfjarðar.....	11
6.3. Önnur söfn.....	12
7. Sjónlistir	12
7.1. Handverk	13
7.2. Myndlist	13
7.3. Hönnun.....	14
7.4. Byggingarlist/húsaverndun.....	14
7.5. Kvikmyndir	15
8. Tónlist.....	15
9. Viðburðir	16
Lokaorð	17
Endurskoðun.....	17

I Meginmarkmið

Eitt helsta markmið menningarstefnu er að styrkja og efla menningarlega vitund íbúa og þar með innviði samfélagsins.

Hlutverk sveitarstjórnar í þessu sambandi er fyrst og fremst að hvetja og efla nýsköpun á svæðinu og að gera íbúum kleift að koma ýmsum verkefnum og hugmyndum í framkvæmd. Í kringum háskólana, Hvanneyri og Bifröst og rannsóknastofnunina Snorrastofu hefur undanfarin ár skapast mikil sérþekking á menningarsviði sem æskilegt er að nýta betur með aukinni samvinnu á milli sveitarfélagsins, stofnana og fagaðila.

Með menningastefnu er jafnframt hugmyndin að vekja athygli á og ýta undir verðmætasköpun á sviði menningar sem endurspeglast m.a. í auknum lífsgæðum og einstaklingum sem eru hæfir til að laga sig að fjölbreyttu umhverfi, hvort sem er í leik eða starfi. Á menningarsviðinu eru mörg sóknarfæri sem geta haft umtalsvert hagrænt gildi og hvatt til aukinnar fjölbreytni og sveigjanleika í atvinnustarfsemi í héraðinu.

Lögð er áhersla á gott og almennt aðgengi að menningu. Dregið er sérstaklega fram mikilvægi miðlunar og fræðslu hvers konar og hvernig skuli staðið að því að efla og styrkja menningarstarfsemi. Menningarstefnan sem slík felur þó ekki í sér nánari skilgreiningu eða aðgreiningu einstakra þátta sem heyra undir menningarsvið í sveitafélaginu. Meginmarkmiðið er að styðja við frumkvæði og sköpun og ýta undir að unnið sé með menningararf héraðsins.

Í menningarstefnu Borgarbyggðar er eftirtalið haft til grundvallar við mótun framtíðarsýnar. Nánari útfærsla og tillögur koma fram í einstökum köflum stefnunnar:

- Að efla menningarstarf í sveitarfélaginu eftir öllum mögulegum leiðum, hlú að því sem fyrir er og skapa forsendur fyrir nýsköpun.
- Að varðveita og rækta sérkenni, menningararf og sögu svæðisins.
- Að stuðla að sem fjölbreyttustu framboði á listviðburðum og menningarstarfi í því augnamiði að gera Borgarbyggð að betri búsetukosti.
- Að styðja við menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu.
- Að styðja við starfsemi menningarfélaga með beinum og óbeinum hætti.
- Að styrkja safna- og menningarstarfsemi í Borgarfirði þannig að hún sé í fremstu röð.
- Að bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu varðandi geymslumál Safnahúss Borgarfjarðar.
- Að gera safnkost Safnahúss aðgengilegan fyrir íbúa héraðsins og þá gesti sem sækja það heim.

- Að efla þjónustuhlutverk og menningarstarfsemi safnanna, fræðslustarf og almenn samskipti við aðrar menningarstofnanir.
- Að hvetja til samstarfs innan sveitarfélagsins á sviði menningarmála.
- Að styðja eftir föngum við starfsemi listamanna í sveitarfélaginu.
- Að efla samvinnu þeirra einstaklinga og stofnana í sveitarfélaginu sem vinna að menningarmálum.
- Að virkja drifkraft erlendra íbúa í sveitarfélaginu og fá framlag frá þeim inn í menningarlíf svæðisins.
- Að vinna áfram að samstarfi sveitarfélaga um menningarmál og að Borgarbyggð eigi áfram hlut að samningi við ráðuneyti málaflokksins.
- Að eiga samstarf um framkvæmd menningarstefnu við háskólana og aðrar menntastofnanir á svæðinu.
- Að félagsheimili sveitarfélagsins verði nýtt undir félagsaðstöðu og fjölbreytt félagsstarf.

II Nokkur lykilatriði

Við stefnumótun í menningarmálum skal horft til eftirfarandi lykilatriða:

- a) samvinna
- b) sérstaða
- c) fræðsla/miðlun

a) Samvinna

Hér er átt við samvinnu á milli stofnana, fyrirtækja, einstaklinga, félagasamtaka auk samstarfs við önnur sveitarfélög og samtök í menningartengdri ferðaþjónustu.

b) Sérstaða

Á svæðinu fara saman sögusvið merkra Íslendingasagna, stór þáttur í síðari tíma bókmenntasögu, fjölbreytt náttúra, mikil veiðimenning, merkar byggðaminjar og fornminjar.

c) Fræðsla / miðlun

Mikilvægt er að tengsl séu á milli skólastiga og að þar ríki fjölbreytni sem skapar sveitarfélaginu sérstöðu á sviði fræðslumála. Í Borgarbyggð eru leikskólar, grunnskólar, menntaskóli, tónlistarskóli og háskólar auk ýmissa rannsóknarstofnana bæði á sviði raun- og félagsvísinda. Við Háskólann á Bifröst er boðið upp á háskólanám í menningarfræðum. Söfn og setur á svæðinu bjóða upp á mikla fjölbreytni og víðast er þar um að ræða metnaðarfullt þróunarstarf.

Æskilegt er að efla þátt símenntunar á listasviði.

III Stjórnsýsla menningarmála

Leiðarljós

Að unnið verði á faglegan hátt að því að efla menningarstarfsemi á svæðinu og styrkja ímynd Borgarbyggðar sem sögu- og menningarhéraðs.

Leiðir

- Fletja út stjórn menningastofnana með því að gera stofnanasamninga og auka ábyrgð stjórnenda bæði fjárhagslega og faglega.
- Gera raunhæfar starfs- og fjárhagsáætlanir.
- Hafa virkt eftirlit með áætlanagerð og meta árangur í samræmi við áætlanir.
- Vinna markvisst að því að endurnýja/uppfæra samþykktir og samninga um menningarstofnanir.
- Standa fyrir opinni umræðu um menningarmál.
- Efla samskipti stofnana, fyrirtækja og félaga á menningarsviði sem og samstarf við önnur sveitarfélög.

IV Listauppeldi

Leiðarljós

Uppeldi í listsköpun og að það að njóta lista verði veigamikill þáttur í öllu skólastarfi sveitarfélagsins.

Leiðir

- Að lögð verði áhersla á að kynna listir og sérstaklega nýjar stefnur í listum fyrir nemendum á öllum skólastigum í sveitarfélaginu í samstarfi við grunn- og framhaldsskóla. s.s. með námskeiðahaldi, stuttum sérsýningum og heimsóknnum listamanna.

V Helstu þættir menningar

1. Danslist
2. Leiklist
3. Menningarsjóður Borgarbyggðar
4. Minja- og sögustaðir
5. Ritlist
6. Safnastarfsemi
7. Sjónlistir
8. Tónlist
9. Viðburðamenning

VI Stefna Borgarbyggðar í menningarmálum

1. Danslist

Leiðarljós

Stutt verði eftir föngum við dansiðkun, sem listræna iðkun ungmenna í skólum og einnig sem varðveislu menningararfs ef um það er að ræða.

Leiðir

- Hvatt verði til þess að boðið verði upp á fjölbreytta og metnaðarfulla danskennslu á nokkrum stöðum í héraðinu.

2. Leiklist

Leiðarljós

Að vinna að þróun og eflingu leiklistar í héraðinu.

Leiðir

- Að stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur. Hugað verði sérstaklega að iðkun leiklistar í skólum.
- Að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks í sveitarfélaginu.
- Að styðja við bakið á starfsemi leikfélaganna og við aðrar leiklistarupptökur heimamanna.
- Að við opinberar samkomur og hátíðahöld á vegum sveitarfélagsins fái hæfileikar heimamanna notið sín sem mest.

3. Menningarsjóður Borgarbyggðar

Leiðarljós

Aðalhlutverk sjóðsins verði að vera megin stoð í menningarlífi Borgarbyggðar og styðja áfram við hvers konar menningarsköpun í héraðinu.

Leiðir

- Að auka framlag í sjóðinn svo það sé í takt við íbúafjölda á svæðinu.
- Að leggja sérstaka rækt við grasrótina í menningarlífi á svæðinu.
- Styrkir verði verkefnatengdir og lögð verði áhersla á að þau verkefni sem styrk hljóta séu aðgengileg öllum íbúum, sem og gestum.

4. Minja- og sögustaðir

Leiðarljós

Minjastaðir eru mikilvægir í menningarlífi og sögu svæðisins. Kappkostað verði að kynna þá og gæta þess að ganga ekki of nærri þeim, hvort sem er með vegaf framkvæmdum eða uppbyggingu annarra mannvirkja.

Leiðir

- Gert verði átak í því að ljúka fornminjaskrá fyrir allt svæðið.
- Fornminjar og sögustaðir innan sveitarfélagsins verði merktir og gerðir aðgengilegir.
- Stuðlað verði að rannsóknum á sögu svæðisins og að gefin verði út göngukort fyrir ferðamenn þar sem sögustaðir eru merktir inn á.
- Stutt verði við heimildasöfnun um liðna tíma í héraðinu, örnefnaskráningu og þá starfsemi sem sinnir varðveislu landbúnaðartengdra verðmæta.

5. Ritlist

Leiðarljós

Að ritlist fyrir og nú verði órjúfanlegur hluti af menningarstarfsemi í Borgarbyggð. Hvatt verði til nýsköpunar og sérstaklega hugað að því að efla áhuga ungs fólks á bókmenntum. Ennfremur að unnið verði markvisst með sagnaarf héraðsins og hann nýttur á fjölbreyttan hátt og að brú verði sköpuð á milli fornþókmennta og nútímaritlistar.

Leiðir

- Að setja á stofn samvinnuverkefni skóla og bókasafna. Sem dæmi um þetta má nefna verkefnið Bókakassinn í leikskólanum og samstarf Safnahúss við skólastofnanir þar sem unnið er með texta borgfirskra skálda.
- Standa fyrir upplestri í skólum og leikskólum.
- Að standa fyrir smásagnasamkeppni/ljóðasamkeppni meðal íbúa.
- Kynna sérstaklega borgfirsk verk á bókasöfnum.
- Styðja við útgáfu á borgfirskum ritverkum.
- Hvetja til námskeiðahalds, t.d. í skapandi skrifum.

6. Safnastarfsemi

Leiðarljós

Efla skal fagmennsku á sviði safnamála og samvinnu við stofnanir á sviði minjavörslu utan sveitafélagsins sem innan.

Leiðir

- Að styðja við safna- og sýningarstarfsemi á svæðinu.
- Hvetja til og leiða samvinnu einstakra aðila á sviði safnamála.

6.1. Safnahús Borgarfjarðar

Safnahús Borgarfjarðar hýsir alls fimm borgfirsk sérsöfn. Þetta eru:

1. Byggðasafn Borgarfjarðar
2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar
3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar
4. Listasafn Borgarness
5. Náttúrugripasafn Borgarfjarðar

6.2. Safnahús Borgarfjarðar

Leiðarljós

Að styrkja safna- og menningarstarfsemi í Borgarfirði þannig að hún sé í fremstu röð og bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu varðandi geymslumál Safnahúss. Að gera safnkost þess aðgengilegri fyrir íbúa héraðsins og þá gesti sem sækja það heim og efla þjónustuhlutverk og menningarstarfsemi safnanna, fræðslustarf og almenn samskipti aðrar menningarstofnanir.

Leiðir

Unnið verði sérstaklega að stefnumótun fyrir hvert og eitt safn sem heyrir undir Safnahús.

Leitað verði bestu lausna fyrir geymsluaðstöðu safnmuna.

Áhersla verði aukin á eftirtalda starfspætti safnanna:

1. Fræðslustarf
2. Varðveislu
3. Samstarf

4. Upplýsingatækni

5. Þjónustu

6.3. Önnur söfn

Stutt skal eftir föngum við starfsemi annarra safna innan sveitarfélagsins og stuðlað að auknu samstarfi þeirra á milli.

7. Sjónlistir

Stefnan beinist einkum að 6 þáttum:

1. Handverki
2. Myndlist
3. Hönnun
4. Byggingarlist og húsverndun
5. Kvikmyndalist
6. Sjónlistaruppeldi

Leiðarljós

Stefna Borgarbyggðar á sviði sjónlistar snýr að því að auka vægi hennar í sveitarfélaginu, styrkja stöðu hennar og auka fjölbreytni. Borgarbyggð verði áhugaverður staður fyrir listafólk til að setjast að á. Undirstaða þessa er að þar sé vettvangur fyrir fagmenntað listafólk til að njóta sín og lögð sé áhersla á að skapa aðdráttarafl fyrir listafólk. Markmiðið er að efla veg skapandi atvinnuvega.

Leiðir

- Hlúð verði sérstaklega að ungu fólki og nýsköpun, en jafnframt verði sterk tengsl við alþýðumenningu. Lögð verði áhersla á að þeir hæfileikar sem búameðal almennings fái notið sín.
- Jafnhliða því sem hlúð verður að þeirri starfsemi sem er til staðar, verði stutt við nýsköpun og framþróun.
- Hverju sinni verði áhersla á ákveðna þætti og greinar sjónlistarinnar, þar sem stefnt verði að því að marka sveitarfélaginu sérstöðu.

7.1. Handverk

Leiðarljós

Lögð verður áhersla á að handverk geti notið sín og það sé kynnt. Enn fremur verði hvatt til almennrar þátttöku.

Leiðir

- Hlúð verði eftir föngum að handverksstarfsemi á svæðinu og hugaðsérstaklega að staðbundinni efnisnotkun og tengingu handverks við sögu og náttúru svæðisins.
- Skoðaðar verði hugmyndir um listmunamarkað og hönnunartorg og stuðst við þá þekkingu sem orðið hefur til við starfsemi Ullarselsins á Hvanneyri, Ljómalindar og fleiri slíkra aðila.

7.2. Myndlist

Leiðarljós

Borgarbyggð verði vettvangur að nýsköpun í myndlist ásamt því að hlúð verði að þeim myndlistarmönnum sem þar búa. Einnig verði leitast við að opna leiðir fyrir íbúa til að njóta sín í listsköpun.

Leiðir

- Lögð verði áhersla á að fá ungt myndlistarfólk til að kynna list sína, t.d. í samvinnu við Listaháskóla Íslands og fleiri aðila.
- Sveitarfélagið styðji eins og kostur er við myndlistariðkun og miðlun, m.a. með því að leggja til húsnæði til sýninga.
- Starfsemi Listasafns Borgarness verði eflað og áhersla lögð á fræðsluhlutverk þess. Einnig verði áhersla lögð á metnaðarfulla myndlistarkennslu.
- Hugað verði að varðveislu og kynningu gagna um veru landsþekkktra myndlistarmanna í héraðinu á liðnum tíma og hvernig landslag og náttúra svæðisins kom fram í verkum þeirra.

7.3. Hönnun

Leiðarljós

Að auka mikilvægi góðrar hönnunar og kynna fyrir íbúum, starfsfólki sveitarfélagsins og fulltrúum atvinnulífsins.

Leiðir

- Að vinna markvisst að því að sameina þá þekkingu og reynslu sem leynist víða í framleiðslufyrirtækjum t.d. í landbúnaði, byggingariðnaði og matvælaframleiðslu, við framsýni hönnuða.
- Að nýta þá þekkingu sem þegar er til staðar með vörubrúun og nýsköpun og auka þannig verðmæti framleiðslunnar.
- Að koma á fót samvinnuverkefnum hönnuða og fyrirtækja og marka um leið skýra stefnu um framsýni í atvinnumálum um leið og sköpuð eru menningarleg verðmæti.

7.4. Byggingarlist/húsaverndun

Leiðarljós

Byggingarlistin fyrr og nú er mikilvægur vitnisburður um samfélagið hverju sinni. Stefnt skal að því að efla þekkingu á byggingarlist á svæðinu, draga fram sérkenni og þróun byggðar í Borgarbyggð fyrr og nú og setja skýr markmið um áframhaldandi uppbyggingu og yfirbragð byggðar. Ennfremur að hvetja til þess að gömul hús verði nýtt í nýjum tilgangi án þess að byggingarsögulegt gildi þeirra skerðist. Lokið er húsakönnun í tengslum við aðalskipulag og hún verði nýtt sem tæki í þessu markmiði.

Leiðir

- Æskilegt að skilgreina hvaða útihús í Borgarfirði hafa sérstakt menningarsögulegt gildi.
- Námskeið í byggingarlist og sögu svæðisins.
- Stuðla að endurgerð og varðveislu gamalla húsa í Borgarbyggð.
- Gefa út sögukort og/eða göngukort þar sem merkar byggingar (og sögustaðir) eru inn á.

7.5 Kvikmyndir

Leiðarljós

Það svæði sem Borgarbyggð tilheyrir verði vettvangur kvikmyndagerðar og kvikmyndaframleiðsla og vinnsla verði sjálfsagður hluti af menningarstarfsemi í Borgarbyggð.

Leiðir

- Stutt verði við bakið á áhugamönnum sem taka þátt í slíkum verkefnum og áhersla lögð á heimildatökur og þar með myndræna varðveislu heimilda.
- Stuðlað verði að því eftir fönngum að atvinnumenn noti Borgarfjörð sem vettvang kvikmyndagerðar.

8. Tónlist

Leiðarljós

Fjölbreytt framboð á allskonar tónlist fyrir alla Borgfirðinga.

Leiðir

- Áfram verði stutt við starfsemi kóra, tónlistarhópa og tónlistarhátíða í Borgarfirði.
- Keyptur verði flygill í salinn í Hjálmakletti til að hann nýtist enn betur sem tónleikasalur.
- Tónlistarstarf í grunnskólum Borgarbyggðar verði eflt og lögboðinni tónmenntakennslu. Tónlistarskóli Borgarfjarðar verði styrktur og starfsemi hans aukin.
- Borgarfjörður verði miðpunktur fyrir metnaðarfullt, skemmtilegt og gefandi tónlistarstarf.
- Að geta boðið bæði tónlistarfólki úr héraðinu sem og öðrum upp á góða aðstöðu til tónlistarflutnings.

9. Viðburðir og hátíðir

Leiðarljós

Að viðburðir á vegum sveitafélagsins séu fjölbreyttir og miðist við þarfir allra aldurshópa.

Leiðir

- Unnið verði áfram að viðburðum með hagsmuni íbúanna fyrst og fremst í huga.
- Á þeim viðburðum sem skipulagðir eru af starfsmönnum sveitarfélagsins verði reynt eftir fremsta megni að leita í smiðju listafólks og ferðaþjónustuaðila í héraði og/eða til þeirra nágrannasveitarfélaga sem sérstök samvinna er við.
- Gera samstarfssamning við forsvarmenn stærstu viðburða í sveitarfélaginu og gera ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun.

Lokaorð

Við mótun menningarstefnu var í upphafi unnið að því að meta stöðuna eins og hún er í dag og umræðan um framtíðina mótuð á þeim grunni. Blómlegt menningarlíf innan sveitarfélagsins er í senn auðlind og mikilvæg forsenda jákvæðrar byggðapróunar. Nýta skal sóknarfæri til eflingar menningarstarfi um leið og hlúð er að þeirri starfsemi sem fyrir hendi er. Sérstaklega skal hugað að menningararfi, sérkennum og sögu svæðisins og stuðlað að sem fjölbreyttustu framboði á Listviðburðum og menningarstarfi.

Í Borgarbyggð er fyrir hendi merkur bókmennta- og söguarfur sem skapar svæðinu sérstöðu og mikilvæg tækifæri, meðal annars á sviði ritlistar og leiklistar. Við framkvæmd menningarstefnu verður markvisst unnið að því að styrkja ímynd Borgarbyggðar á sviði bókmennta, sögu og menningar með stuðningi við þessa þætti. Hægt verði að njóta og starfa við sem flestar listgreinar í sveitarfélaginu. Að listsköpun verði raunhæfur valkostur í tómskundastarfi barna og unglunga sem og íbúa á öllum aldri og að horft sé til menningastarfsemi sem eins af lykilatvinnuvegum héraðsins.

Endurskoðun

Nefnd menningarmála skal á tveggja ára fresti endurskoða menningarstefnu Borgarbyggðar og leggja hana fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Í framhaldi er unnin ítarleg aðgerðaáætlun. Sú áætlun verði notuð til grundvallar fjárhagsáætlunargerðar fyrir málaflökkinn. Nefndin skal á tveggja ára fresti, að hausti vinna nýja og endurskoðaða áætlun þar sem verkefnum er forgangsraðað innan ramma fjárhagsáætlunar Borgarbyggðar fyrir tvö ár í senn.

Endurskoðað og samþykkt á fundi sveitarstjórnar 14. nóvember 2020.